

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar hefur, í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd borgarinnar:

- Að innan Reykjavíkurborgar megi ekki leggja ökutæki að hluta eða í heild fyrir framan djúpgáma eða grenndargáma. Með djúpgámi er átt við neðanjarðar sorpgeymslu þar sem sá hluti gámsins sem úrgangur safnast fyrir í er neðanjarðar en á yfirborði er lúga sem notendur nota til að losa sig við úrgang. Með grenndargámi er átt við gám, getur verið djúpgámur, fyrir flokkaðan úrgang sem ætlaður er til notkunar fyrir almenning.

Um er að ræða stöðubann sem ekki er bundið við ákveðinn vegarkafli, í samræmi við a-lið 1. mgr., sbr. 4. mgr. 84. gr. umferðarlaga. Gjaldheimild vegna brota á slíku banni er að finna í d-lið 1. mgr. 109. gr. umferðarlaga.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar. Á sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 1092/2024.

Reykjavík, 9. desember 2024.

Skrifstofu stjórnssýslu og gæða, umhverfis- og skipulagssviðs,
Jóhanna Guðjónsdóttir lögfræðingur.

B-deild – Útgáfudagur: 23. desember 2024